

Nd.

206. Frumvarp

til laga um eiða og drengskaparorð.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson og Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Hverjum manni þeim, er samkvæmt lögum ber skylda til þess að bera vætti fyrir íslenskum dómstól eða annars kostar, þar sem eiður er unninn, er skylt að staðfesta skýrslu sína eða framburð, ef þess verður krafizt, á þann hátt er lög þessi greina.

2. gr.

Þeir menn, er opinberlega teljast til einhvers kristins trúarfélags, skulu vinna eið að framburði sínum með þvílíkum orðum: Það segi eg guði að framburður minn fyrir dómi hér í dag er að öllu leyti fullum sannleik samkvæmur. Guð sé mér hollur sem eg satt segi, gramur ef eg lýg.

3. gr.

Þeir menn, er teljast eigi opinberlega til neins kristins trúarfélags skulu staðfesta skýrslu sína með því að leggja þar við sæmd sína og drengskap, og sé þeim eiður stafaður á þvílíkan hátt: Svo skýt eg máli minu til sæmdar minnar og samvizku og svo vil eg sjálfur framast sanninda njótandi verða af öðrum mönnum sem eg fer með fullan sannleik um það, er nú hefi eg flutt og fram borið. Þetta vitni ber eg fyrir engra muna skyld, heldur sökum réttis máls og sanninda. Njóti eg svo drengskapar míns og mannorðs sem eg satt segi. Niðingur ef eg lýg.

4. gr.

Áður eiður sé unninn eða drengskapur lagður við til hæstu sanninda ber dómara að bryna fyrir þeim, er eiðinn vinna eða drengskap við leggja, þýðing hvorstveggja. Eiðvinning og viðlagning drengskapar fer eigi fyrr fram en eftir að vætti er borið.

5. gr.

Eiðvinning og viðlagning drengskapar hafa að öllu sama gildi að lögum. Á þeim er og samur ábyrgðarhluti að lögum.

6. gr.

Nú eru úrslit sakar látin vera undir því komin, að annar hvor málsaðila vinni eið eða einhver annar í þeirra stað, og skal þá fylgt reglum 2. og 3. gr. (sbr. 4. gr.) laga þessara með þeim tilbreytingum, sem atvik heimta.

7. gr.

Eiðsdómur skal vera orðaður á þá leið, að málsaðili vinni annað hvort eið eða leggi drengskap sinn við sannindi þess, er í eiðstaf hans kom. Dómari eiðstöku úrskurðar, hvort fylgt skuli 2. eða 3. gr. laga þessara.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld tilskipun frá 22. sept. 1846.